

## STARFSREGLUR STJÓRNAR GOPRO EHF.

### 1. SKIPAN STJÓRNAR

Stjórn félagsins skipa þrjú menn sem kosnir eru á aðalfundi til eins árs í senn.

### 2. SKIPTING STARFA INNAN STJÓRNAR

- 2.1 Félagsstjórnin skal strax að loknu stjórnarkjöri hverju sinni koma saman til fundar, þar sem hún skiptir með sér verkum. Skal úr hópi stjórnarmanna kosinn formaður en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum eins og þurfa þykir.
- 2.2 Aldursforseti félagsstjórnar stjórnar fundi stjórnar samkvæmt gr. 2.1 þar til stjórnin hefur kosið sér formann, en þá tekur nýkjörinn formaður við stjórn fundarins.
- 2.3 Formaður stjórnar ber meginábyrgð á starfsemi stjórnar og skal hvetja til opinna samskipta og stuðla að virkni í allri ákvörðunartöku stjórnar.

### 3. VERKSVIÐ STJÓRNAR

- 3.1 Félagsstjórn stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Félagsstjórn skal annast um að skipulag félagsins og starfsemi þess sé jafnan í góðu horfi. Félagsstjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Félagsstjórn skal halda hlutaskrá lögum samkvæmt.
- 3.2 Stjórn skal fylgja leiðbeiningum um góða stjórnarhætti fyrirtækja eftir því sem við á, að teknu tilliti til stærðar félagsins. Hér er einkum vísað til reglna Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq OMX Ísland og Samtaka atvinnulífsins.
- 3.2 Meirihluti stjórnar ritar firma félagsins.
- 3.3 Félagsstjórn ræður framkvæmdastjóra að félaginu og veitir honum laun. Gerður skal skriflegur ráðningarsamningur við framkvæmdastjóra þar sem m.a. skal kveðið á um laun hans og önnur starfskjör. Framkvæmdastjóri skal jafnan hafa prókúruumboð fyrir félagið.
- 3.4 Framkvæmdastjóri skal annast daglegan rekstur félagsins og í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn gefur. Framkvæmdastjóri kemur fram fyrir hönd félagsins í þeim málum sem eru innan verksviðs hans samkvæmt starfslýsingu og skv. samkomulagi við stjórn.
- 3.5 Framkvæmdastjóri getur ekki gert ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar, svo sem að kaupa, selja eða veðsetja eignir félagsins nema samkvæmt heimild frá stjórn eða taka ákvarðanir um sölur eða samninga sem að umfangi eða áhættu geta haft veruleg áhrif á stöðu félagsins. Stjórn kann að setja almennar reglur til viðmiðunar um ákvarðanir, fjárfestingar og samninga sem tilheyra aðalstarfsemi félagsins.
- 3.6 Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Framkvæmdastjóri skal koma á framfæri við endurskoðanda þeim upplýsingum og gögnum sem hafa þýðingu vegna endurskoðunar og veita endurskoðanda þær upplýsingar, gögn, aðstöðu og aðstoð sem endurskoðandi telur nauðsynlega vegna starfs síns.

- 3.7 Framkvæmdarstjóri félagsins gerir stjórn þess mánaðarleg grein fyrir rekstri félagsins í skýrslum til stjórnar, á því formi sem tilgreint er í Viðauka I. Aðilum er ljóst að Horni ber að upplýsa fjárfestingaráð sitt um stöðu fjárfestinga.
- 3.8 Framkvæmdastjóri skal ávallt starfa af heilindum með hagsmuni félagsins að leiðarljósi og skal hann bera önnur verkefni sín, sem ótengd eru félaginu en kunna að valda hagsmunaárekstrum eða skaða félagið eða ímynd þess, undir stjórn til umfjöllunar.
- 3.9 Einungis félagsstjórn veitir prókúruumboð.
- 3.10 Félagsstjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar, svo sem að gera stóra samninga, kaupa, selja eða veðsetja eignir félagsins. Félagsstjórn getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu einstakra slíkra mála. Eins getur framkvæmdastjóri afgreitt slík mál ef ekki er unnt að bíða ákvörðunar félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í þeim tilvikum skal framkvæmdastjóri tafarlaust tilkynna formanni félagsstjórnar um afgreiðslu málsins.
- 3.11 Í dótturfélögum félagsins kemur félagsstjórnin fram sem hluthafi. Félagsstjórnin skal setja stjórnendum og stjórnnum Hugvits og Canalix fyrirmæli um það að allar ákvarðanir dótturfélaga þeirra sem nema minnst kr. 100.000.000, eða fela í sér skuldbindingu sem nemur sömu fjárhæð, skuli bornar undir hluthafa viðkomandi dótturfélags til umfjöllunar. Reynist þess þörf, getur félagsstjórnin falið stjórnnum Hugvits og Canalix að koma því í kring að sett séu hluthafasamkomulög um stjórnun dótturfélaga þeirra. Vaxi eitthvað dótturfélaga Hugvits eða Canalix svo að umfangi, að stjórnarmaður í GoPro telji raunveruleg þörf sé á því, getur hann farið fram á að réttur til setu í stjórn viðkomandi dótturfélags, endurspegli stjórnarsetu í stjórn GoPro.
- 3.12 Félagsstjórn tekur jafnframt ákvarðanir um eftirfarandi málefni:
  - a) gerð hvers kyns samninga sem takmarka getu félagsins eða dótturfélaga til að sinna starfsemi sinni,
  - b) samþykkt og breytingu á viðskiptastefnu og áætlunum félagsins, s.s. rekstrar- og fjárfestingaráætlunum þess,
  - c) sölu félagsins á rekstri eða rekstrareiningu, ef sú rekstrareining stendur að baki meira en 5% af veltu félagsins og lántöku og aðrar skuldbindingar sambærilegar lántöku sem nema 5% eða meira af efnahagsreikningi félagsins miðað við síðasta ársreikning, og
  - d) tilnefningu í stjórn dótturfélaga félagsins.
- 3.13 Stjórn skal meta með reglubundnum hætti störf sín, verklag og starfshætti sem og framgang félagsins. Slíkt árangursmat felur m.a. í sér að stjórnin leggi mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og verklagi og hugi að

þeim hlutum sem hún telur að betur megi fara. Stjórn skal koma saman a.m.k. árlega án framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna.

#### 4. BOÐUN FUNDA O.FL.

- 4.1 Stjórnarfundir skulu haldnir þegar stjórnarformaður ákveður og boðar hann til stjórnarfunda í samráði við framkvæmdastjóra. Stjórnarformaður getur falið framkvæmdastóra boðun funda, fyrir sína hönd. Stjórnarfundir skulu að jafnaði haldnir á skrifstofu félagsins, en halda má þá annars staðar eftir aðstæðum, þ.m.t. á rafrænum vetvangi.
- 4.2 Stjórnarformanni ber að kalla saman stjórnarfund ef einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri krefst þess.
- 4.3 Framkvæmdastjóri á sæti á fundum félagsstjórnar og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.
- 4.4 Endurskoðandi á rétt á að sitja fundi félagsstjórnar þegar fjallað er um reikningsskil sem hann hefur áritað. Skal honum jafnframt skylt að sitja stjórnarfundum ef formaður stjórnar eða framkvæmdastjóri félagsins óska þess.
- 4.5 Til stjórnarfundar skal að jafnaði boðað með fimm daga fyrirvara. Stjórnarformaður getur þó ákveðið skemmri frest telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna. Stjórnarmönnum er heimil þátttaka í stjórnarfundum með fjarskiptabúnaði eða rafrænum fundarbúnaði.
- 4.6 Til funda skal boðað með tölvupósti eða símleiðis. Ef fundurinn víkur frá hefðbundinni dagskrá, skal dagskrár getið í fundarboði. Stjórnarformanni er skylt að sjá til þess að stjórnarmönnum gefist kostur á að kynna sér þau gögn sem lögð kunna að verða fyrir stjórnarfund með hæfilegum fyrirvara, sem leitast skal við að hafa að lágmarki 1 dag.

#### 5. ÁKVÖRÐUNARVALD, ATKVÆÐAGREIÐSLUR O.FL.

- 5.1 Félagsstjórn er ákvörðunarþær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður í samræmi við gr. 4. Mikilvæga ákvörðun skal þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið, sé þess kostur.
- 5.2 Samþykki allra stjórnarmanna þarf til að taka bindandi ákvörðun um þau málefni sem greinir í gr. 3.12, þó þannig að samþykki meirihluta stjórnarmanna nægir til tilnefningar í stjórn annarra dótturfélaga en Hugvits og Canalix en stjórnarmenn annarra félaga skulu eftir sem áður kosnir árlega.
- 5.3 Formaður félagsstjórnar stýrir stjórnarfundum. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum í öllum málum, nema kveðið sé á um annað í starfsreglunum. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.
- 5.4 Óski stjórnarmenn að taka upp einstök mál utan stjórnarfunda skulu þeir snúa sér til stjórnarformanns eða framkvæmdastjóra félagsins.



- 5.5 Hafi komið fram lögmæt krafa um hluthafafund til að ákveða málefni sem stjórnin hefur haft til umfjöllunar skal stjórnin bíða niðurstöðu hluthafafundar áður en slík málefni eru leidd til lykta.

## 6. FUNDARGERÐIR OG FUNDARGERÐABÓK

- 6.1 Formaður félagsstjórnar skal sjá til þess að haldin sé gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og um ákvarðanir stjórnar.
- 6.2 Í fundargerðabók skal skrá eftirfarandi:
- Hvar og hvenær fundurinn er haldinn.
  - Hverjir sitja fundinn og hver stýrir honum (ef formaður gerir það ekki).
  - Gögn sem dreift var til stjórnarmanna fyrir fundinn.
  - Stutta skýrslu um umræður á fundum og hvaða ákvarðanir hafa verið teknar.
  - Hver ritað hafi fundargerðina.
- 6.3 Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem ekki eru sammála ákvörðun stjórnar, eiga rétt á að fá athugasemdir skráðar í gerðabókina.
- 6.4 Fundargerðabók skal undirrituð af þeim stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra er fund sitja. Fundargerðir sem færðar hafa verið inn í fundargerðabók félagsins teljast full sönnun þess sem gerst hefur á stjórnarfundum. Stjórnarmenn sem ekki voru viðstaddir þann stjórnarfund sem fundargerð tekur til skulu staðfesta að þeir hafi kynnt sér fundargerðina með undirritun sinni.
- 6.5 Sé fundargerð ekki full frágengin í lok fundar skulu drög fundargerðar send stjórnarmönnum, eða þeim kynnt hún á stjórnarfundi, með þeim hætti sem stjórnarformaður ákveður. Skulu stjórnarmenn hafa komið á framfæri við fundarritara þeim athugasemdum sem þeir kunna að hafa við drögin fyrir upphaf næsta fundar. Þar skal fundargerðin borin upp til samþykktar.

## 7. ÞAGNAR- OG TRÚNAÐARSKYLDA

- 7.1 Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni félagsins, hagi viðsemjenda þess og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnarmenn og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum félagsins, lögum eða eðli máls, nema um sé að ræða málefni sem stjórnin ákveður að gera opinber eða slíkt leiðir af ákvæðum einkahlutafélagalaga eða samþykktum félagsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.
- 7.2 Stjórnarmaður skal varðveita öll gögn með tryggilegum hætti sem hann fær afhent til að gegna starfa sínum sem stjórnarmaður. Skulu stjórnarmenn afhenda félaginu öll gögn sem þeir kunna að hafa fengið í hendur í tengslum við einstök málefni félagsins ef stjórnarformaður telur á því nauðsyn.
- 7.3 Stjórnarmenn aðrir en stjórnarformaður skulu almennt ekki tjá sig við fjölmiðla eða snúa sér til almennings varðandi málefni félagsins, nema að fengnu samþykki formanns.

## 8. VANHÆFI

- 8.1 Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mega ekki taka þátt fyrir hönd

félagsins í meðferð máls um samningsgerð milli félagsins og þeirra, um málshöfðun gegn þeim eða um samningsgerð milli félagsins og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins. Skylt er stjórnarmanni og framkvæmdastjóra að upplýsa um slík atvik. Stjórn ákveður hvort stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri teljast vanhæfir til meðferðar máls.

- 8.2 Leggja skal fyrir félagsstjórnina til staðfestingar eða synjunar alla samninga sem stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri kunna að gera við félagið og samninga milli félagsins og þriðja manns ef stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri hafa verulega hagsmuni af slíkum samningum og þeir hagsmunir kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.
- 8.3 Stjórnarmenn skulu, er þeir gerast stjórnarmenn, upplýsa um setu í stjórnnum annarra félaga. Skal félaginu jafnframt vera heimilt að kanna breytingar á því árlega.
- 8.4 Stjórnarmenn skulu leitast við að koma í veg fyrir að málefni þeirra, hvort heldur persónuleg eða viðskiptatengd, leiði til beinna eða óbeinna hagsmunaárekstra milli þeirra og félagsins.

## 9. UNDIRRITUN ÁRSREIKNINGS O.FL.

Ársreikningur félagsins skal lagður fyrir félagsstjórn til afgreiðslu og skal stjórnin ásamt framkvæmdastjóra undirrita ársreikninginn. Telji stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri að ekki beri að samþykkja ársreikninginn, eða hann hefur mótbárur fram að færa sem hann telur rétt að hluthafar fái vitneskju um, skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

## 10. FREKARI REGLUR OG VIÐMIÐ UM STÖRF STJÓRNAR

Um ábyrgð, vald og störf stjórnar félagsins fer að öðru leyti en greinir í starfsreglum þessum samkvæmt einkahlutafélagalögum, lögum um ársreikninga og öðrum almennum lögum og samþykktum félagsins.

Félagið lætur árlega fara fram mat á sjálfbærni félagsins, þar sem gerð er úttekt á félaginu út frá stjórnarháttum, umhverfispáttum og félagslegum þáttum þar sem höfð er hljóðsjón af viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar. Stjórn félagsins tekur þær úttektir sérstaklega til skoðunar, með það að leiðarljósi að nýta hjálplegar ábendingar til þess að efla félagið á sviði sjálfbærni.

## 11. BREYTINGAR Á STARFSREGLUM STJÓRNAR

Einungis stjórn félagsins getur gert breytingar á starfsreglum þessum. Til breytinga á starfsreglunum þarf samþykki allra stjórnarmanna.

## 12. VARSLA OG MEÐFERÐ STARFSREGLNA


- 12.1 Frumrit starfsreglna þessara, með áorðnum breytingum ef við á, skal jafnan vera til staðar í fundargerðabók félagsins.
- 12.2 Þeir sem eiga sæti í stjórn félagsins við setningu starfsreglna þessara skulu undirrita frumrit starfsreglnanna. Ef stjórnin samþykkir breytingar á


starfsreglunum skulu stjórnarmenn undirrita frumrit af reglunum svo breyttum. Nýjum stjórnarmönnum skulu kynntar starfsreglurnar og skulu þeir undirrita afrit þeirra, því til staðfestu.


- 12.3 Stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og endurskoðendum félagsins skal afhent eintak af starfsreglum og samþykktum félagsins sem í gildi eru á hverjum tíma.
- 12.4 Framangreindar starfsreglur stjórnar GoPro ehf. eru settar samkvæmt 5. mgr. 46. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög og 2. mgr. 17. gr. samþykka félagsins. Samþykktir félagsins ganga framur þessum starfsreglum komi fram ósamræmi. Reglur þessar skulu túlkaðar til samræmis við samþykktir fyrir GoPro ehf eftir því sem við á.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum félagsins hinn 4. febrúar 2022.

F.h. stjórnar GoPro ehf.

  
Eggert Claessen  
Stjórnarformaður

  
Helga Ingváldsdóttir  
Meðstjórnandi

  
Hermann M. Þórisson  
Meðstjórnandi

  
Ólafur Daðason  
Framkvæmdastjóri

VIÐAUKI I  
MÁNAÐARLEGAR UPPLÝSINGASKÝRSLUR STJÓRNAR

Framkvæmdarstjóri mun veita stjórn félagsins upplýsingar með sambærilegum hætti og verið hefur hingað til, þ.e. með skýrslum sem sendar eru stjórnarmönnum fyrir stjórnarfund. Auk þess verða teknar saman lykiltölur úr rekstri og efnahag félagsins sem settar verða fram með eftirfarandi hætti (sjá form hér fyrir neðan).

<b>Lykiltölur úr rekstri og efnahag</b>			
Allar tölur eru:			
í þús ISK 0,000			
án endurgreidds R&D			
án eignfærðs þróunarkostnaðar			
án afskrifta óefnislegra eigna			
<b>REKSTUR</b>	YTD - mán		
	GoPro samstæða	Hugvít samstæða	Canalix samstæða
Heildartekjur	0	0	0
Heildarkostnaður	0	0	0
EBITDA	0	0	0
Afskriftir	0	0	0
Fjármagnstekjur/gjöld/gengism.	0	0	0
Hagnaður/tap	0	0	0
<b>EFNAHAGUR</b>	Staða dags:		
	GoPro samstæða	Hugvít samstæða	Canalix samstæða
Handbært fé	0	0	0
Viðskiptakröfur	0	0	0
Heildarskuldir	0	0	0

7